

3. fundur fræðslunefndar v/Flúðaskóla árið 2010, haldinn 29. apríl kl. 12:00, í Flúðaskóla.

47. fundur kjörtímabilsins.

Mætt til fundar: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Esther Guðjónsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara, Berglind Bjarnadóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Ingibjörg María Guðmundsdóttir, fulltrúi úr skólaráði. Jóhannes Sigurðsson, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, mætti ekki til fundarins.

Dagskrá

1. Skýrsla skólastjóra
2. Farið yfir stöðu aðalbókar miðað við fjárhagsáætlun.
3. Skóladagatal
4. Tillaga að skólaakstri í Hrunamannahreppi 2010-2011.
5. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár

1. Skýrsla skólastjóra

Miðvikudaginn 21. apríl kom Ingvar lögreglumaður frá Selfossi og var með forvarnarfræðslu í 8. – 10. bekk. Þann 11. maí verður boðið upp á forvarnarfund fyrir fullorðna en þá mæta tveir lögreglumenn frá Selfossi.

Halldórs skákmót var haldið miðvikudaginn 28. apríl. Þátttaka var mjög mikil og góð. Öllum nemendum boðið upp á vöflur að hætti Halldórs heitins. Ísólfrur Gylfi, sveitarstjóri afhenti verðlaunin.

Starfsmannasamtölum er lokið og ljóst er orðið að auglýsa þarf eina stöðu þar sem Anna Þórny hefur ákveðið að hætta hjá okkur. Það vantar í 50% stöðu íþróttakennara og 50% í aðra kennsla.

Sótt hefur verið um styrk í endurmenntunarsjóð grunnskóla til að halda námskeið fyrir kennara í fjölbreyttum námsmatsaðferðum og mun það taka yfir allt næsta skólaár ef styrkurinn fæst. Kennari verður Ragnheiður Hermannsdóttir, ef af verður.

Nú stendur yfir vinna við umsókn í sprotasjóð grunnskóla vegna verkefnis sem við höfum áhuga á að ráðast í en það er gerð garðs hér á baklóðinni og endurbætur á kennslustofu í grenndarskógi til að bæta aðstöðu. Hugmyndir eru um að setja margskonar berjarunna, gróðursetja matjurtir, reisa tjald sem hægt er að nota til kennslu. Markmiðið er að tengja útikennsluna enn betur og markvissar að öllum námsgreinum til að auka fjölbreytileika námsins. Að undirbúningi koma stýrihópur um LÍS verkefni, náttúrufræðikennarar, íþróttakennari og skólastjóri.

Skólinn ætlar að taka þátt í rannsókn á lestri og lestrarmenningu sem fer fram í fjórum Evrópulöndum samtímis. Nemendur og kennarar í 3. – 5. bekk taka þátt í rannsókninni sem fer fram nú í byrjun maí. Tilgangurinn er að auka skilning á gildi barnabókmennta og gefnar verða út leiðbeiningar um kennslu bókmennta byggðar á reynslu kennara og viðhorfum barna.

2. Farið yfir stöðu aðalbókar.

Farið var yfir fjárhagsstöðu skólans og hún borin saman við fjárhagsáætlun. Ljóst er að launaliður fjárhagsáætlunar kemur ekki til með að standast og að ráðast þarf í kaup á húsgögnum í skólastofur. Endurskoða þarf áætlunina með tilliti til þessa.

3. Skóladagatal.

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár, 2010-2011. Fræðslunefnd samþykkir dagatalið.

4. Tillaga að skólaakstri í Hrunamannahreppi 2010-2011.

Lögð fram tillaga að skólaakstri fyrir næsta skólaár. Rætt var um nauðsyn þess að setja viðmiðunarmörk fyrir skólaaksturinn, t.d. varðandi fjarlægð á milli heimilis og skóla. Lagt er til að skólaakstri í Norðubæ verði hætt. Samþykkt að leggja tillöguna fram á fundi með skólabílstjórum.

nauðarmál. Bókað í trúnaðarbók.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundargerðin lesin yfir og samþykkt.
Fleira var ekki gert fundi slitið kl. 13.20

5. Ö
n
n
u
r

m
á
l
·

a) T
r
ú